

Fundur í svæðisráði væntanlegum Vatnajökulþjóðgarðs haldinn á Laugalandi 11. október 2007 klukkan 16.00.

Mætt: Elín Heiða Valsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Erla Ívarsdóttir, Leifur Þorsteinsson, Sigurður Skúlason og Eydís P. Indriðadóttir sem ritaði fundargerð.

1. Elín Heiða setti fund og fór yfir fundargerð 1. fundar og minnispunkta frá fundi með formanni væntanlegs þjóðgarðs 4. september 2007. Fundargerðin var samþykkt með smávægilegum athugasemdum.
2. Elín Heiða fór yfir skipan stjórnar þjóðgarðsins og sagði frá fyrsta fundi stjórnar. Þórður Ólafsson starfsmaður umhverfisstjórnar hefur verið ráðinn starfsmaður stjórnar sem svæðisráðin geta leitað til. Á döfinni er að auglýsa eftir og ráða framkvæmdarstjóra. Væntanleg formleg stofnun er í mars 2008 og stefnt að því að fara aðeins af stað með land sem full sátt er um. Enn er unnið að samningum við landeigendur norðan jökuls. Svæðisráð 4 leggur áherslu á að flýtt verði ráðningu þjóðgarðsvarða á svæðin þannig að þeir geti komið að undibúningsvinnu við stofnunina. Mikil vinna er framundan við gerð verndaráætlun. *Lögð er áhersla á að svæðisráðin fái afrit af fundargerðum stjórnar Þjóðgarðsins til þess að tryggja greitt upplýsingaflæði.*
3. Framundan er samkeppni um hönnun gestastofa sem hafa samhljóm í útliti en taka tillit til þess umhverfis sem byggingarreitur þeirra gefur tilefni til. Sátt er innan svæðisráðs 4 um Gestastofu svæðisins á Kirkjubæjarklaustri en jafnframt komi til öflug uppbygging á þjónusumiðstöð í samráði við þjónustuaðila vestan jökulsins í Hrauneyjum. Staðsetning á Kirkjubæjarklaustri er í skoðun. Afla þarf skipulagsgagna hjá Skaftárhreppi fyrir næsta fund þar sem hnitsettur er hugsanlegur byggingarreitur gestastofunnar. Rætt var um hversu mikil önnur starfsemi verði leyfileg í gestastofunni eða samhliða. Öflug upplýsingamiðstöð og kynning á náttúru nærliggjandi svæðis gæti stutt við starfsemi gestastofunnar. Spurning hvort aðstaða verður til sölu á léttum veitingum eða hvort veitingastöðum í nágrenni stofunnar er ætlað að þjóna þörfinni fyrir þá þjónustu.
4. Umræða um fjárhagsáætlun. Í fjárhagsáætluninni virðst vera gert ráð fyrir framkvæmdum í samræmi við áður kynntar rammaáætlanir um framkvæmdahraða. Svæðisráð 4 beinir því til stjórnar að byrjað verði að vinna að undirbúningi og gerð þjónustusamninga vegna landvarðastöðva og upplýsingamiðstöðva. Ræða þarf við rekstraraðila í Hrauneyjum um gerð þjónustusamnings en lögð er áhersla á að starfsemi geti hafist þar á árinu 2008.
5. Önnur mál:
Rætt um samgöngur innan þjóðgarðs og fjárveitingar til vegagerðar.
Mikilvægt er að svæðisstjórninfari að huga að áætlunum um kortagerð og merkingu gönguleiða í samvinnu við sveitarfélög og ferðamálasamtök. Svæðisráð

4 beinir því til stjórnar að koma þarf af stað viðræðum við vegagerð ríkisins um fjárveitingar vegna samgöngubóta innan þjóðgarðsins

Næsti fundur svæðisráðs er ákveðinn 11. desember. Í framhaldi af því er áætlaður fundur með stjórn þjóðgarðsins.

Fundagerð upplesin og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið